Chaetozone setosa	17,33	12,00		5,33
Sabellidae	34,67	60,67	1,67	52,00
Spionidae	2,67	10,00	1,00	5,33
Prionospio steenstrupi				

Tafla 37. Fjöldi algengustu tegunda burstaorma á mismunandi stöðvum Hvammstanga og Skagaströnd


	Hv.t. C	Hv.t. D	Hv.t. G	Sk.st. D	Sk.st. E
Eteone longa	4,67	0,67	5,00	2,33	1,33
Chaetozone setosa	16,00	12,33	26,33	7,67	0,67
Sabellidae	36,67	2,33	10,00	32,33	2,33
Spionidae	3,33	11,33	0,67	3,67	11,00
Prionospio steenstrupi	8,67	17,33	21,33	46,67	

Tafla 38. Fjöldi algengustu tegunda burstaorma á mismunandi stöðvum í Skagafirði.


	Sk.fj. A	Sk.fj. B	Sk.fj. D	Sk.fj. F	Sk.fj. I
Eteone longa	1,33		3,33		1,06
Chaetozone setosa	5,33	0,33	15,67	0,53	0,79
Sabellidae	52,00	4,00	53,33	21,12	111,14
Spionidae	11,67		2,33		0,26
Prionospio steenstrupi	30,67	11,00	8,67	17,42	0,26




Mynd 71. Fjöldi einstaklinga af burstaorminum *Eteone longa* á mismunandi stöðvum í Önundarfirði, við Hvammstanga, við Skagaströnd og í Skagafirði.




Mynd 72. Fjöldi einstaklinga af burstaorminnum *Chaetozone setosa* á mismunandi stöðvum í Önundarfirði, við Hvammstanga, við Skagaströnd og í Skagafirði.




Mynd 73. Fjöldi einstaklinga af burstaormaættinni Sabellidae á mismunandi stöðvum í Önundarfirði, við Hvammstanga, við Skagaströnd og í Skagafirði..




Mynd 74. Fjöldi einstaklinga af burstaormaættinni Spionidae á mismunandi stöðvum (einstaklingar af tegundinni *Prionospio steenstrupi* ekki meðtaldir í Önundarfirði, við Hvammstanga, við Skagaströnd og í Skagafirði).




Mynd 75. Fjöldi einstaklinga af burstaorminum *Prionospio steenstrupi* á mismunandi stöðvum í Önundarfirði, við Hvammstanga, við Skagaströnd og í Skagafirði.



Mynd 76. Fjöldi einstaklinga af samlokunni gljáhnytlu (*Ennucula tenuis*) á mismunandi stöðvum við Hvammstanga, við Skagaströnd, í Skagafirði og Önundarfirði.



Mynd 77. Fjöldi einstaklinga af samlokunni trönuskel (*Nuculana pernula*) á mismunandi stöðvum við Hvammstanga, við Skagaströnd, í Skagafirði og Önundarfirði.



Mynd 78. Fjöldi einstaklinga af samlokunni hrukkubúldu (*Thyasira flexuosa*) á mismunandi stöðvum við Hvammstanga, við Skagaströnd, í Skagafirði og Önundarfirði.

Umræður

Mikil fjölbreytni er í botndýrasamfélögum milli svæða og milli stöðva á sama svæði, bæði í fjölda tegunda eða hópa á milli sýnatökustöðva, en einnig í fjölda einstaklinga af ólíkum tegundum eða hópum.

Til reyna að skýra þennan breytileika og hugsanlegan þátt dragnótarveiða í honum er nauðsynlegt að vinna fleiri sýni og framkvæma kornastærðargreiningu á fleiri stöðvum.

Þær fiskveiðar sem fóru fram á rannsóknasvæðunum sýna með afgerandi hætti að á grunnslóð er gríðalega mikill fjölbreytileiki fisksamfélaga. Eins kom í ljós að innan hvers svæðis fyrir sig gat verið mikill breytileiki hvað varðar tegundir og magn jafnvel þó að

stutt hafi verið á milli trossa. Önundarfjörður skar sig nokkuð úr frá svæðunum á Húnaflóa og á Skagafirði. Mun minna af fiski veiddist þar í samanburði við hin svæðin. Ljóst er að Skagafjörður og Húnaflói virðast vera mikilvægar uppvaxtarstöðvar fyrir ungsviði. Að svo stöddu er erfitt að draga sterkar ályktanir um áhrif dragnótaveiða á viðkomandi fisksamfélög.

Samkvæmt þessum niðurstöðum er ekki útilokað að dragnótaveiðar skýri hluta af breytileika í samfélögum fiska og botnlægra hryggleysingja.

Þakkir

Skipstjórar í Húnaflóa voru Sigurjón Guðbjartsson, Ágúst Sigurðsson og Eiríkur Lýðsson, en Arngrímur Kristinsson í Önundarfirði og Pétur Ragnar Sighvatsson í Skagafirði. Bjarni Jónasson, Sarah Nebel, Svana Lára Hauksdóttir og Linda Kristjánsdóttir unnu að rannsókninni hjá Biopol og Snædís Björgvinsdóttir Guðrún Steinþímsdóttir, Cristian Gallo, Arngrímur Kristinsson og Hulda Birna Albertsdóttir hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Verkefnið var styrkt af Verkefnasjóði sjávarútvegsins.

Heimildir

Agnar Ingólfsson. 1978. Greiningarlykill yfir stórkabba (*Malacostraca*) í fjörum. Fjöldit nr. 11. Líffræðistofnun Háskólans.

Agnar Ingólfsson, Hrefna Sigurjónsdóttir, Karl Gunnarsson og Eggert Pétursson. 1986. Fjörulíf. Ferðafélag Íslands.

Atli G. Atlason. 2005. Veiðíálag dragnótar á Íslands miðum. Háskólinn á Akureyri. Auðlindadeild.

Auster, Peter J. 1998. A Conceptual Model of the Impacts of Fishing Gear on the Integrity of Fish Habitats. Conservation Biology, Pages 1198–1203, volume 12, No. 6.

Barnes, Robert D. 1980. Invertibrate zoology. Fourth edition. Holt-Saunders.

Collie, Jeremy S., Stephen J. Hall, Michel J. Kaiser and Ian R. Poiner. 2000. A quantitative analysis of fishing impacts on shelf-sea Benthos. Journal of Animal Ecology. 69, 785-798.

De Bruyne, R. H. 2003. The complete encyclopedia of shells. Rebo publishers.

Dimech, Mark, Matthew Camilleri, Jan G. Hiddink, Michel J. Kaiser, Sergio Ragonese, Patrick J. Schembri. 2008. Differences in demersal community

- structure and biomass size spectra within and outside the Maltese Fishery Management Zone (FMZ). *Scientia Marina* 72(4) 669-682.
- Enckell, Pehr H. 1998. Kräftdjur. Knud graphic consult.
- Gilkingson, Kent, Mike Paulin, Shawn Hurley, Peter Schwinghamer. 1998. Impacts of trawl door scouring on infaunal bivalves: results of physical trawl door model / dens sand interaction. *Journal of Experimental Marine Biology and Ecology*. 224: 291 – 312.
- Guðrún G. Þórarinsdóttir, Haraldur A. Einarsson, Steinunn H. Ólafsdóttir og Stefán Á. Ragnarsson. 2010. Áhrif dragnótaveiða á lífríki botns í innanverðum Skagafirði. Hafrannsóknir nr 151.
- Haraldur A. Einarsson og Guðrún G. Þórarinsdóttir. 2010. Er dragnót skaðlegri en lína? Fiskifréttir. Viðskiptablaðið 16.júní 2010. Bls 8 – 9.
- Hertmann-Schröder, Gesa. 1996. Polycheta. Die Tierwelt Deutschlands 58. Teil, 2. Auflage. Gustav Fischer.
- Hayward, P. J., and J. S. Ryland (Ed.). 1995. Handbook of the marine fauna of north-western Europe. Oxford university press.
- Hayward, Peter, Tony Nelson-Smith and Chris Shields. 1996. Seashore of Britain and Europe. Collins.
- Hiddink, J. G., T. Hutton, S. Jennings, and M. J. Kaiser. 2006. Predicting the effects of area closures and fishing effort restrictions on the production, biomass, and species richness of benthic invertebrate communities. *ICES Journal of Marine Science*, 63: 822-830
- Hrafnkell Eiríkssonm 2008. Dragnót og dragnótaveiðar við Ísland. Hafrannsóknastofnunin, fjölrít nr. 140. 19 bls.
- Ingimar Óskarsson. 1982. Skeldýrafána Íslands. Prentsmiðjan Leiftur.
- Jones, J. B. 1992. Environmental impact of trawling on the seabed: a review. *New Zealand Journal of Marine and Freshwater Research*, 26: 59-67
- Kaiser, Michel J,Jeremy S Collie,Stephen J Hall,Simon Jennings & Ian R Poiner. 2002. Modification of marine habitats by trawling activities: prognosis and solutions. *FISH and FISHERIES*, 3, 114-136.
- Kirkegaard, J.B. 1992. Havbørsteorme I-II. Danmarks fauna 83. Dansk Naturhistorisk forening.

Morris, Percy A. 1975. Shells of the Atlantic. Houghton Mifflin company.

Óskar Ingimarsson. 1989. Dýra og plöntuorðabók. Bókaútgáfan Örn og Örlygur.

Stefán Áki Ragnarsson & Lindegarth, M. 2009. Testing hypotheses about temporary and persistent effects of otter trawling on infauna: changes in diversity rather than abundance. *Marine Ecology Progress Series* 385:51-64.

Steinun Hilma Ólafsdóttir og Sigmar Arnar Steingrímsson. 2007. Kárahnjúkavirkjun. Botndýralíf í Héraðsflóa. Grunnástand fyrir virkjun Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal. *Landsvirkjun*. LV-2007/074.

Thrush, S F, R. B. Whitlatch, R. D. Pridmore, J. E. Hewitt , V. J. Cummings and M .R. Wilkinson. 1996. Scale-dependent recolonization: The role of sediment stability in a dynamic sandflat habitat. *Ecology* 77(8), 2472-2487.

Turner, S. J., S. F. Thrush, J. E. Hewitt, V. J. Cummings and G. Funnel. 1999. Fishing impacts and the degradation or loss of habitat structure. *Fisheries Management and Ecology*, 6:401-420.

Valtýr Sigurðsson. 2012. Áhrif dragnótaveiðibanns á fiska í Miðfirði, BS ritgerð, Líf- og umhverfisvíssindadeild, Háskóli Íslands.

Watling, Les and Elliott A. Norse. 1998. Disturbance of the Seabed by Mobile Fishing Gear: A Comparison to Forest Clearcutting. *Conservation Biology*, Pages 1180–1197. Volume 12, No. 6.

Þorleifur Eiríksson, Halldór G. Ólafsson, Böðvar Þórisson, Þorleifur Ágústsson og Guðmundur Víðir Helgason. 2011. Rannsóknir á fiski og botnlægum hryggleysingum á veiðisvæðum dragnótar. Framvinduskýrsla 1. Náttúrustofa Vestfjarða, Biopol og Líffræðistofnun háskólans. Náttúrustofa Vestfjarða, nóvember 2011.

Viðhengi 1

Nr. 074/1996

Felld á brott með reglugerð nr. 334/1997

Reglugerð um dragnótaveiðar.

1. gr.

Allar veiðar í dragnót eru óheimilar án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Heimilt er að binda leyfi og útgáfu þess þeim skilyrðum er þurfa þykir, m.a. um að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skipa af ákveðinni stærð og gerð, eða skip er dragnótaveiðar hafa stundað áður. Jafnframt er heimilt að binda heimildir til dragnótaveiða við ákveðin svæði og taka þá mið af stærð skipa, útgerðar- og heimahöfn og heimilisfesti útgerðar.

2. gr.

Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 135 mm. Þó er heimilt að ákveða í leyfisbréfi að veiðar í dragnót á tilteknum svæðum skuli háðar sérstökum skilyrðum um lágmarksstærð möskva. Um mælingar á möskvum dragnótar gilda ákvæði reglugerðar nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur.

3. gr.

Ákveði ráðuneytið, í leyfisbréfi eða með öðrum hatti, að nota skuli leggglugga við dragnótaveiðar á ákveðnum svæðum, skal glugginn útbúinn og komið fyrir í poka með eftирgreindum hatti:

1. Lengd gluggans skal vera minnst 4 metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera minnst 5 metra frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er saumaður við upptöku pokans skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhliðar gluggans skulu leystar slétt með neðra byrðinu í hliðarhúsi pokans.
4. Möskvastærð gluggans skal vera a.m.k. sú sama og í pokanum.

4. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva sbr. 2. og 3. gr., en þó skal eigi teljast ólögmætt að festa net og annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

5. gr.

Við veiðar með dragnót er óheimilt að nota hlera og hvað eina sem komið gæti í þeirra stað til útþenslu vængjanna.

6. gr.

Með mál sem rísa kunna út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hatti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 19. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Jafnframt er heimilt að svipta skip heimild til veiða sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 326, 3. september 1992, um dragnótaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytinu 5. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 334/1997

Felld á brott með reglugerð nr. 687/1997

**REGLUGERÐ
um dragnótaveiðar.**

1. gr.

Allar veiðar í dragnót eru óheimilar án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Heimilt er að binda leyfi og útgáfu þess þeim skilyrðum er þurfa þykir, m.a. um að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð og gerð, eða skip er dragnótaveiðar hafa stundað áður. Jafnframt er heimilt að binda heimildir til dragnótaveiða við ákveðin svæði og taka þá mið af stærð skipa, útgerðar- og heimahöfn og heimilisfesti útgerðar.

2. gr.

Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 135 mm. Þó er heimilt að ákveða í leyfisbréfi að veiðar í dragnót á tilteknum svæðum skuli háðar sérstökum skilyrðum um lágmarksstærð möskva. Um mælingar á möskvum dragnótar gilda ákvæði reglugerðar nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur.

3. gr.

Ráðuneytið getur í leyfisbréfi eða með öðrum hætti gert skylt að nota leggglugga við dragnótaveiðar á ákveðnum svæðum. Legggluggi skv. 1. málslíð er netstykki, sem skorið er á legg og komið er fyrir á efra byrði pokans (belgsins) þannig:

1. Lengd gluggans skal minnst vera 4 metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera mest 5 metrum frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er saumaður við upptöku pokans (belgsins) skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhliðar gluggans skulu festar slétt við neðra byrði í leisi pokans (belgsins).
4. Möskvastærð í glugganetinu skal ekki vera minni en möskvastærð riðilsins í pokanum.

4. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva sbr.

2. og 3. gr., en þó skal eigi teljast ólögmætt að festa net og annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

5. gr.

Við veiðar með dragnót er óheimilt að nota hlera og hvað eina sem komið gæti í þeirra stað til útþenslu vængjanna.

6. gr.

Með mál sem rísa kunna út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 19. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Jafnframt er heimilt að svipta skip heimild til veiða sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 74, 5. febrúar 1996, um dragnótaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. maí 1997.

Porsteinn Pálsson.

Nr.687/1997

Felld brott með reglugerð 382/2005

14.desember 1997

**REGLUGERÐ
um dragnótaveiðar.**

1. gr.

Heimilt er öllum fiskiskipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands, að stunda veiðar með dragnót á þeim svæðum þar sem þeim er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. laga nr. 79/1997 eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Leyfi til veiða með dragnót eru þrenns konar: Almenn dragnótaleyfi, sbr. 3. gr., dragnótaleyfi til kolaveiða, sbr. 4. gr. og dragnótaleyfi í Faxaflóa, sbr. 5. gr.

3. gr.

Almenn dragnótaleyfi skulu bundin við fiskveiðíarið og ákveðið svæði. Skiptast miðin umhverfis landið í fjögur leyfissvæði þannig:

1. **Suður- og Vesturland:** Að austan markast svæðið af línu r/v austur og vestur um Papey og að vestan af línu réttvísandi 270° frá Öndverðarnesi.
2. **Breiðafjörður og Vestfirðir:** Að sunnan markast svæðið af línu réttvísandi 240° frá Hellnanesi og að norðan af línu réttvísandi norður frá Geirólfsgnúpi.
3. **Norðurland:** Að vestan markast svæðið af línu réttvísandi norður frá Horni og að austan af línu réttvísandi norður frá Rifstanga.
4. **Norðausturland og Austfirðir:** Á svæði milli lína réttvísandi norður frá Rifstanga og réttvísandi suðaustur frá Stokksnesi.

Fiskistofu er eingöngu heimilt að veita skipi leyfi til dragnótaveiða á því svæði sem skipið á heimahöfn enda skal skipið skráð innan þess svæðis, gert þaðan út og útgerð þess eiga þar heimilisfesti. Aðeins er heimilt að veita skipum styttri en 42 metrar að mestu lengd leyfi samkvæmt þessari grein, enda séu þau með aflvísí lægri en 2.500, sbr. 3. - 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79/1997. Heimilt er í leyfum að binda heimildir til dragnótaveiða innan viðmiðunarlínu, sbr. 5. gr. laga nr. 79/1997, við ákveðnar bátastærðir.

4. gr.

Dragnótaleyfi til kolaveiða skulu bundin við tímabilið frá og með 1. september - til og með 15. maí og ákveðið svæði og tilgreint svæði fyrir Suðurlandi eða Vesturlandi og markast svæðin þannig:

1. **Suðurland:** Að austan markast svæðið af línu réttvísandi austur frá Eystrahorni og að vestan af línu réttvísandi vestur frá Garðskaga.
2. **Vesturland:** Að norðan markast svæðið af línu réttvísandi 240° frá Hellnanesi og að sunnan af línu réttvísandi suður frá Hópsnesi.

Fiskistofu er aðeins heimilt að veita þeim skipum dragnótaleyfi til kolaveiða, sem slík leyfi fengu á árinu 1997 enda hafi þau aflahlutdeild í langlúru. Dragnótaleyfi til kolaveiða skal bundið við svæði þar sem skipið á heimahöfn, enda sé skipið skráð innan þess svæðis, gert þaðan út og útgerð þess eigi þar heimilisfesti. Heimilt er Fiskistofu að samþykka flutning veiðileyfis frá skipi, sem rétt hefur til slíks leyfis samkvæmt þessari grein, til nýs skips, enda fullnægi það skip að öðru leyti skilyrðum þessarar greinar og sé ekki lengra eða með hærri aflavísí en skip það er dragnótaleyfið er flutt af.

5. gr.

Dragnótaleyfi í Faxaflóa skulu bundin við tímabilið frá og með 15. júlí - til og með 15. desember og svæðið innan línu milli Garðskagavita og Malarrifsvita og utan línu milli Hólbergsvita í bauju nr. 6, þaðan í punkt $64^{\circ}22'N$ - $22^{\circ}23'V$ og síðan um Þormóðssker í land.

Fiskistofu er eingöngu heimilt að veita þeim skipum dragnótaleyfi í Faxaflóa, sem slík leyfi fengu á árinu 1997. Leyfi til þessara veiða skulu bundin því skilyrði að fari hlutur bolfisks yfir 15% af

heildarafla á hverju tveggja vikna tímabili skal leggja gjald á viðkomandi útgerð vegna þess bolfiskafla sem umfram 15% er skv. lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Heimilt er Fiskistofu að samþykkja flutning dragnótaleyfis frá skipi, sem rétt hefur til slíks leyfis samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, til nýs skips, enda sé skip það sem veiðileyfið er flutt til ekki lengra en 22 metrar að mestu lengd og hafi auk þess aflahlutdeildir í skarkola og sandkola. Þá skal það skip er dragnótleyfi er flutt til eiga heimahöfn við leyfissvæðið, vera skráð innan svæðisins, gert þaðan út og útgerð þess eiga þar heimilisfesti. Þær sérstöku aflatakmarkanir, sem settar eru í leyfi samkvæmt þessari grein, á veiðar úr einstökum tegundum eða bolfiski fylgja dragnótleyfi við flutning þess milli skipa.

6. gr.

Heimilt er í dragnótaleyfum samkvæmt 3. - 5. gr. að takmarka enn frekar veiðiheimildir innan hvers svæðis, bæði á ákveðnum svæðum eða tímum og taka þá m.a. mið af stærðum veiðiskipa eða heimahöfn. Ennfremur er heimilt að kveða nánar á um skipulag veiða innan hvers svæðis varðandi veiðarfæri og útbúnað þeirra og önnur þau atriði er veiðarnar varða.

7. gr.

Sé ekki annað ákveðið í leyfisbréfi skal lágmarksstærð möskva í dragnót vera 135 mm. Við mælingar á möskvum dragnótar gilda ákvæði reglugerðar um botn- og flotvörpur.

Legggluggi er netstykki sem skorið er á legg. Sé legggluggi áskilinn við dragnótaveiðar á tilteknu svæði skal honum fyrir komið á efra byrði pokans (belgsins) þannig:

1. Lengd gluggans skal minnst vera fjórir metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera mest fimm metrum frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er festur við upptöku pokans (belgsins) skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhlíðar gluggans skulu festast slétt við neðra byrði í leisi pokans (belgsins).
4. Möskvastærð í glugganetinu skal ekki vera minni en möskvastærð riðilsins í pokanum.

8. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir eða herðir á nokkurn hátt möskva en þó skal eigi teljast ólögmætt að festa net eða annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

Við veiðar á dragnót er óheimilt að nota hlera eða annað sem komið gæti í stað hlera til útpenslu vængjanna.

9. gr.

Heimilt er Fiskistofu að svipta skip leyfi til dragnótaveiða, sem gefið er út með stoð í reglugerð þessari vegna brota á reglugerð þessari eða ákvæðum leyfisbréfa til dragnótaveiða samkvæmt 15. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til dragnótaveiða.

10. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 334, 28. maí 1997, um dragnótaveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. desember 1997.

Þorsteinn Pálsson.
Árni Kolbeinsson.

Nr. 382
Felld brott með reglugerð 788/2006

30. mars 2005

**REGLUGERÐ
um dragnótaveiðar.**

1. gr.

Heimilt er öllum fiskiskipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands, að stunda veiðar með dragnót á þeim svæðum þar sem þeim er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. laga nr. 79/1997 eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Leyfi til veiða með dragnót eru þrenns konar: Almenn dragnótaleyfi, sbr. 3. gr., dragnótaleyfi til kolaveiða, sbr. 4. gr. og dragnótaleyfi í Faxaflóa, sbr. 5. gr.

3. gr.

Almenn dragnótaleyfi skulu bundin við fiskveiðíárið og ákveðið svæði. Skiptast miðin umhverfis landið í fjögur leyfissvæði þannig:

1. **Suður- og Vesturland:** Að austan markast svæðið af línu réttvísandi austur og vestur um Papey og að vestan af línu réttvísandi 270° frá Öndverðarnesi.
2. **Breiðafjörður og Vestfirðir:** Að sunnan markast svæðið af línu réttvísandi 240° frá Hellnanesi og að norðan af línu réttvísandi norður frá Geirólfsgnúpi.
3. **Norðurland:** Að vestan markast svæðið af línu réttvísandi norður frá Horni og að austan af línu réttvísandi norður frá Rifstanga.
4. **Norðausturland og Austfirðir:** Á svæði milli lína réttvísandi norður frá Rifstanga og réttvísandi suðaustur frá Stokksnesi.

Fiskistofu er eingöngu heimilt að veita skipi leyfi til dragnótaveiða á því svæði sem skipið á heimahöfn enda skal báturinn skráður innan þess svæðis, gert þaðan út og útgerð þess eigi þar heimilisfesti. Frá og með fiskveiðíárinu sem hefst 1. september 2005 er aðeins heimilt að veita bátum dragnótaleyfi á einu svæði innan hvers fiskveiðíárs sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Þó er heimilt við endurnýjun dragnótabáts að veita nýjum báti í eigu sama eiganda leyfi til dragnótaveiða.

EKKI er heimilt að veita skipum lengri en 42 metrar að mestu lengd leyfi samkvæmt þessari grein eða skipum með aflvísí hærri en 2,500 sbr. 3.-5. mgr. 5. gr. laga nr. 97/1997. Heimilt er í leyfum að binda heimildir til dragnótaveiða innan viðmiðunarlínu, sbr. 5. gr. laga nr. 79/1997, við ákveðnar bátastærðir.

4. gr.

Dragnótaleyfi til kolaveiða skulu bundin við tímabilið frá og með 1. september til og með 15. maí og ákveðið svæði og tilgreint svæði fyrir Suðurlandi eða Vesturlandi og markast svæðin þannig:

1. **Suðurland:** Að austan markast svæðið af línu réttvísandi austur frá Eystrahorni og að vestan af línu réttvísandi vestur frá Garðskaga.
2. **Vesturland:** Að norðan markast svæðið af línu réttvísandi 240° frá Hellnanesi og að sunnan af línu réttvísandi suður frá Hópsnesi.

Fiskistofu er aðeins heimilt að veita þeim skipum dragnótaleyfi til kolaveiða, sem slík leyfi fengu á árinu 1997 og skipum sem komið hafa í þeirra stað sbr. 3. mgr. enda hafi þau aflahlutdeild í langlúru. Dragnótaleyfi til kolaveiða skal bundið við svæði þar sem skipið á heimahöfn, enda sé skipið skráð innan þess svæðis, gert þaðan út og útgerð þess eigi þar heimilisfesti.

Heimilt er Fiskistofu að samþykka flutning veiðileyfis frá skipi, sem rétt hefur til slíks leyfis samkvæmt þessari grein, til nýs skips, enda fullnægi það skip að öðru leyti skilyrðum þessarar greinar og sé ekki lengra eða með hærri aflavísi en skip það er dragnótaleyfið er flutt af.

5. gr.

Dragnótaleyfi í Faxaflóa skulu bundin við tímabilið frá og með 15. ágúst til og með 15. desember og svæðið innan línu milli Garðskagavita og Malarrifsvita og utan línu milli Hólbergsvita í bauju nr. 6, þaðan í punkt 64°22'N - 22°23'V og síðan um Þormóðssker í land.

Fiskistofu er eingöngu heimilt að veita þeim skipum dragnótaleyfi í Faxaflóa, sem slík leyfi fengu á árinu 1997 og skipum sem komið hafa í þeirra stað sbr. 3. mgr. Leyfi til þessara veiða skulu bundin því skilyrði að fari hlutur bolfisks yfir 15% af heildarafla á hverju tveggja vikna tímabili skal leggja gjald á viðkomandi útgerð vegna þess bolfiskafla sem umfram 15% er skv. lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmets sjávarafla.

Heimilt er Fiskistofu að samþykka flutning dragnótaleyfis frá skipi, sem rétt hefur til slíks leyfis samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, til nýs skips, enda sé skip það sem veiðileyfið er flutt til ekki lengra en 22 metrar að mestu lengd og hafi auk þess aflahlutdeildir í skarkola og sandkola. Þá skal það skip er dragnótleyfi er flutt til eiga heimahöfn við leyfissvæðið, vera skráð innan svæðisins, gert þaðan út og útgerð þess eiga þar heimilisfesti.

6. gr.

Heimilt er í dragnótaleyfum samkvæmt 3. - 5. gr. að takmarka enn frekar veiðiheimildir innan hvers svæðis, bæði á ákveðnum svæðum eða tímum og taka þá m.a. mið af stærðum veiðiskipa eða heimahöfn. Ennfremur er heimilt að kveða nánar á um skipulag veiða innan hvers svæðis varðandi veiðarfæri og útbúnað þeirra og önnur þau atriði er veiðarnar varða.

7. gr.

Sé ekki annað ákveðið í leyfisbréfi skal lágmarksstærð möskva í dragnót vera 135 mm. Við mælingar á möskvum dragnótar gilda ákvæði reglugerðar nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

Legggluggi er netstykki sem skorið er á legg. Sé legggluggi áskilinn við dragnótaveiðar á tilteknu svæði skal honum fyrir komið á efra byrði pokans (belgsins) þannig:

1. Lengd gluggans skal minnst vera fjórir metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera mest fimm metrum frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er festur við upptöku pokans (belgsins) skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhlíðar gluggans skulu festast slétt við neðra byrði í leisi pokans (belgsins).
4. Möskvastærð í glugganetinu skal ekki vera minni en möskvastærð riðilsins í pokanum.

8. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir eða herðir á nokkurn hátt möskva en þó skal eigi teljast ólögmætt að festa net eða annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

Við veiðar í dragnót er óheimilt að nota hlera eða annað sem komið gæti í stað hlera til útþenslu vængjanna.

9. gr.

Heimilt er Fiskistofu að svipta skip leyfi til dragnótaveiða, sem gefið er út með stoð í reglugerð þessari vegna brota á reglugerð þessari eða ákvæðum leyfisbréfa til dragnótaveiða samkvæmt 15. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til dragnótaveiða.

10. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 687, 14. desember 1997, um dragnótaveiðar með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. mars 2005.

Arni M. Mathiesen.

Pórður Eyþórsson.

814/2005

Felld brott með rg. nr. 788/2006

**REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 382, 30. mars 2005.**

1. gr.

2. ml. 2. mgr. 5. gr. orðist svo: Leyfi til þessara veiða skulu bundin því skilyrði að fari hlutur bolfisks yfir 15% af heildarafla á hverju veiðitímabili, sbr 1. mgr., skal leggja gjald á viðkomandi útgerð vegna þess bolfiskafla sem umfram 15% er skv. lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

2. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný mgr. sem orðist svo: Við veiðar í dragnót í Faxaflóa er óheimilt að nota steinastiklara (rockhoppara) á fótreipi dragnótarinnar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 12. september 2005.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. september 2005.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

**REGLUGERÐ
um dragnótaveiðar.**

1. gr.

Heimilt er öllum fiskiskipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands, að stunda veiðar með dragnót á þeim svæðum þar sem þeim er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. laga nr. 79/1997 eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Leyfi til veiða með dragnót eru þrenns konar: Almenn dragnótaleyfi, sbr. 3. gr., dragnótaleyfi til kolaveiða, sbr. 4. gr. og dragnótaleyfi í Faxaflóa, sbr. 5. gr.

3. gr.

Almenn dragnótaleyfi skulu bundin við fiskveiðiárið og ákveðið svæði. Skiptast miðin umhverfis landið í fjögur leyfissvæði þannig:

1. **Suður- og Vesturland:** Að austan markast svæðið af línu r/v austur og vestur um Papey og að vestan af línu réttvísandi 270° frá Öndverðarnesi.
2. **Breiðafjörður og Vestfirðir:** Að sunnan markast svæðið af línu réttvísandi 240° frá Hellnanesi og að norðan af línu réttvísandi norður frá Geirólfsgnúpi.
3. **Norðurland:** Að vestan markast svæðið af línu réttvísandi norður frá Horni og að austan af línu réttvísandi norður frá Rifstanga.
4. **Norðausturland og Austfirðir:** Á svæði milli lína réttvísandi norður frá Rifstanga og réttvísandi suðaustur frá Stokksnesi.

Fiskistofu er eingöngu heimilt að veita skipi leyfi til dragnótaveiða á því svæði sem skipið á heimahöfn enda skal skipið skráð innan þess svæðis og gert þaðan út. Aðeins er heimilt að veita bátum dragnótaleyfi á einu svæði innan hvers fiskveiðiárs sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Þó er heimilt við endurnýjun dragnóttabáts að veita nýjum báti í eigu sama eiganda leyfi til dragnótaveiða.

EKKI er heimilt að veita skipum lengri en 42 metrar að mestu lengd leyfi samkvæmt þessari grein eða skipum með aflvísí hærri en 2,500, sbr. 3.-5. mgr. 5. gr. laga nr. 79/1997. Heimilt er í leyfum að binda heimildir til dragnótaveiða innan viðmiðunarlínu, sbr. 5. gr. laga nr. 79/1997, við ákveðnar bátastærðir.

4. gr.

Dragnótaleyfi til kolaveiða skulu bundin við tímabilið frá og með 1. september til og með 15. maí á ákveðnum svæðum fyrir Suðurlandi eða Vesturlandi og markast þau þannig:

1. **Suðurland:** Að austan markast svæðið af línu réttvísandi austur frá Eystrahorni og að vestan af línu réttvísandi vestur frá Garðskaga.
2. **Vesturland:** Að norðan markast svæðið af línu réttvísandi 240° frá Hellnanesi og að sunnan af línu réttvísandi suður frá Hópsnesi.

Fiskistofu er aðeins heimilt að veita þeim skipum dragnótaleyfi til kolaveiða, sem slík leyfi fengu á árinu 1997 og skipum sem komið hafa í þeirra stað, sbr. 3. mgr., enda hafi þau aflahlutdeild í langlúru. Dragnótaleyfi til kolaveiða skal bundið við svæði þar sem skipið á heimahöfn, enda sé skipið skráð innan þess svæðis og gert þaðan út.

Heimilt er Fiskistofu að samþykka flutning veiðileyfis frá skipi, sem rétt hefur til slíks leyfis samkvæmt þessari grein, til nýs skips, enda fullnægi það skip að öðru leyti skilyrðum þessarar greinar og sé ekki lengra eða með hærri aflavísi en skip það er dragnótaleyfið er flutt af.

5. gr.

Dragnótaleyfi í Faxaflóa skulu bundin við tímabilið frá og með 15. ágúst til og með 20. desember og svæðið innan línu milli Garðskagavita og Malarrifsvita og utan línu milli Hólbergsvita í bauju nr. 6, þaðan í punkt 64°22'N - 22°23'V og síðan um Þormóðssker í land.

Fiskistofu er eingöngu heimilt að veita þeim skipum dragnótaleyfi í Faxaflóa, sem slík leyfi fengu á árinu 1997 og skipum sem komið hafa í þeirra stað, sbr. 3. mgr. Leyfi til þessara veiða skulu bundin því skilyrði að fari hlutur þorsks og ýsu yfir 15% af heildarafla á hverju veiðitímabili, sbr. 1. mgr., skal leggja gjald á viðkomandi útgerð vegna þess þorsk- og ýsuafla sem umfram 15% er skv. lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Heimilt er Fiskistofu að samþykka flutning dragnótaleyfis frá skipi, sem rétt hefur til slíks leyfis samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, til nýs skips, enda sé skip það sem veiðileyfið er flutt til ekki lengra en 22 metrar að mestu lengd og hafi auk þess aflahlutdeildir í skarkola og sandkola. Þá skal það skip er dragnótaleyfi er flutt til eiga heimahöfn við leyfissvæðið, vera skráð innan svæðisins og gert þaðan út.

6. gr.

Heimilt er í dragnótaleyfum samkvæmt 3.-5. gr. að takmarka enn frekar veiðiheimildir innan hvers svæðis, bæði á ákveðnum svæðum eða tímum og taka þá m.a. mið af stærðum veiðiskipa eða heimahöfn. Ennfremur er heimilt að kveða nánar á um skipulag veiða innan hvers svæðis varðandi veiðarfæri og útbúnað þeirra og önnur þau atriði er veiðarnar varða.

7. gr.

Sé ekki annað ákveðið í leyfisbréfi skal lágmarksstærð möskva í dragnót vera 135 mm. Við mælingar á möskvum dragnótar gilda ákvæði reglugerðar nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

Legggluggi er netstykki sem skorið er á legg. Sé legggluggi áskilinn við dragnótaveiðar á tilteknu svæði skal honum komið fyrir á efra byrði pokans (belgsins) þannig:

1. Lengd gluggans skal minnst vera fjórir metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera mest fimm metra frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er festur við upptöku pokans (belgsins) skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhlíðar gluggans skulu festast slétt við neðra byrði í leisi pokans (belgsins).
4. Möskvastærð í glugganetinu skal ekki vera minni en möskvastærð riðilsins í pokanum.

8. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir eða herðir á nokkurn hátt möskva en þó skal eigi teljast ólögmætt að festa net eða annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

Við veiðar í dragnót er óheimilt að nota hlera eða annað sem komið gæti í stað hlera til útþenslu vængjanna.

Við veiðar í dragnót í Faxaflóa er óheimilt að nota steinastiklara (rockhoppars) á fótreiði dragnótarinnar.

9. gr.

Heimilt er Fiskistofu að svipta skip leyfi til dragnótaveiða, sem gefið er út með stoð í reglugerð þessari vegna brota á reglugerð þessari eða ákvæðum leyfisbréfa til dragnótaveiða. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til dragnótaveiða.

10. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 382, 30. mars 2005, um dragnótaveiðar með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr er heimilt á haustvertíðinni 2006, að hlutur þorsks og ýsu í heildarafla báts sem veiðar stundar í Faxaflóa nemí allt að 30%.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. september 2006.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. september 2006

Nr. 283
2007
Gildandi reglugerð

30. mars

**REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 788,
19. september 2006, um dragnótaveiðar.**

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. bætist nýr málslaður er orðist svo:
Sama gildir hafi aðili eignast bát við nauðungaruppboð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. mars 2007.

F. h. r.
Árni Múli Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 475/2010

31. maí 2010

felld á brott með reglugerð 678/2010

**REGLUGERÐ
um bann við dragnótaveiðum.**

1. gr.

Frá og með 7. júní 2010 til og með 6. júní 2015 eru allar dragnótaveiðar bannaðar á eftирgreindum svæðum:

1. Húnafjörður innan svæðis sem markast af línum sem dregnar eru á milli Sölvabakka $65^{\circ}42,5'$ N - $020^{\circ}16,5'$ V, norðurenda Fáskrúðsskers $65^{\circ}42,5'$ N - $020^{\circ}42,8'$ V og þaðan í 180° réttvísandi til lands.
2. Skagafjörður innan svæðis sem markast af línu sem dregin er á milli Ásnefs $65^{\circ}56,5'$ N - $019^{\circ}53,0'$ V og Þórðarhöfða $65^{\circ}58,4'$ N - $019^{\circ}29,7'$ V.
3. Hrútafjörður - Miðfjörður innan svæðis sem markast af línu sem dregin er þvert yfir utanverðan Hrútafjörð og Miðfjörð eftir $65^{\circ}27'$ N.
4. Húnaflói - veiðar eru bannaðar skipum lengri en 22 m að mestu lengd innan línu sem dregin er eftir $66^{\circ}00'$ N þvert yfir Húnaflóa.
5. Seyðisfjörður - Loðmundarfjörður innan svæðis sem markast af línum sem dregnar eru milli eftирgreindra fjögurra punkta: $65^{\circ}21,672'$ N - $013^{\circ}43,330'$ V, $65^{\circ}19,954'$ N - $013^{\circ}43,330'$ V, $65^{\circ}19,0'$ N - $013^{\circ}34,500'$ V og $65^{\circ}16,195'$ N - $013^{\circ}34,500'$ V.
6. Önundarfjörður innan svæðis sem markast af línu sem dregin er milli eftирgreindra punkta: $66^{\circ}03,140'$ N - $023^{\circ}38,164'$ V og $66^{\circ}03,900'$ N - $023^{\circ}33,070'$ V.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 31. maí 2010.

Jón Bjarnason.
Steinar I. Matthíasson.

B-deild - Útgáfud.: 2. júní 2010

Nr. 492
felld á brott með reglugerð 678/2010

3. júní 2010

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 475/2010 um bann við dragnótaveiðum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr.:

Í stað orðanna „7. júní 2010“ kemur: 1. september 2010.

Í stað orðanna „6. júní 2015“ kemur: 31. ágúst 2015.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiði-landhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. júní 2010.

Jón Bjarnason.

Steinar I. Matthíasson.

B-deild – Útgáfud.: 4. júní 2010

Nr. 678/2010

31. ágúst 2010

Gildandi reglugerð, breytt

**REGLUGERÐ
um bann við dragnótaveiðum.
1. gr.**

Frá og með 1. september 2010 til og með 31. ágúst 2015 eru allar dragnótaveiðar bannaðar á eftирgreindum svæðum:

1. Húnafjörður innan svæðis sem markast af línum sem dregnar eru á milli Sölvabakka $65^{\circ}42,5'N$ - $020^{\circ}16,5'V$, norðurenda Fáskrúðsskers $65^{\circ}42,5'N$ - $020^{\circ}42,8'V$ og þaðan í 180° réttvísandi til lands.
2. Skagafjörður innan svæðis sem markast af línu sem dregin er á milli Ásnefs $65^{\circ}56,5'N$ - $019^{\circ}53,0'V$ og Þórðarhöfða $65^{\circ}58,4'N$ - $019^{\circ}29,7'V$. Prátt fyrir ákvæði 1. ml. eru veiðar heimilar að línu sem dregin er á milli $65^{\circ}52'N$ og $19^{\circ}42,8'V$ yfir Ingveldarhólma í Grafarós $65^{\circ}53,4'N$ og $19^{\circ}23,9'V$ frá og með 1. september 2010 til og með 31. desember 2010.
3. Hrútafjörður - Miðfjörður innan svæðis sem markast af línu sem dregin er þvert yfir utanverðan Hrútafjörð og Miðfjörð eftir $65^{\circ}26'N$. Prátt fyrir ákvæði 1. ml. er Miðfjörður er opinn fyrir veiðum með dragnót frá og með 1. september 2010 til og með 31. desember 2010 utan línu sem dregin er eftir $65^{\circ}23'N$.
4. Húnaflói - veiðar eru bannaðar skipum lengri en 22 m að mestu lengd innan línu sem dregin er eftir $66^{\circ}00'N$ þvert yfir Húnaflóa. Prátt fyrir ákvæði 1. ml. eru skipum lengri en 22 metrar sem stundað hafa veiðar með dragnót í Húnaflóa á síðastliðnum þremur árum heimilar veiðar innan fyrrgreindrar línu.
5. Seyðisfjörður - Loðmundarfjörður innan svæðis sem markast af línum sem dregnar eru milli eftирgreindra fjögurra punkta:

$65^{\circ}21,672'N$ - $013^{\circ}43,330'V$
 $65^{\circ}19,954'N$ - $013^{\circ}43,330'V$
 $65^{\circ}18,0'N$ - $013^{\circ}34,500'V$
 $65^{\circ}16,195'N$ - $013^{\circ}34,500'V$
6. Önundarfjörður innan svæðis sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta: $66^{\circ}03,140'N$ - $023^{\circ}38,164'V$ og $66^{\circ}33,900'N$ - $023^{\circ}33,070'V$. Prátt fyrir ákvæði 1. ml. eru veiðar heimilar að línu sem dregin er er milli eftirgreindra punkta: $66^{\circ}01,9'N$ - $023^{\circ}32,8'V$ og $66^{\circ}03,440'N$ - $023^{\circ}31,610'V$ frá og með 1. september 2010 til og með 31. desember 2010.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 475/2010 um bann við dragnótaveiðum, með síðari breytingum.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 31. ágúst 2010.

Jón Bjarnason.

Hrefna Gísladóttir.

B-deild - Útgáfud.: 1. September 2010

Nr. 727/2010
Gildandi reglugerð

9. september 2010

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 678/2010, um bann við dragnótaveiðum.**

1. gr.

6. tl. 1. gr. orðist svo:

Önundarfjörður innan svæðis sem markast af línu sem dregin er milli eftирgreindra punkta: 66°03,140' N - 023°38,164' V og 66°03,900' N - 023°33,070' V. Þrátt fyrir ákvæði 1. ml. eru veiðar heimilar að línu sem dregin er er milli eftирgreindra punkta: 66°01,9' N - 023°32,8' V og 66°03,440' N - 023°31,610' V frá og með 1. september 2010 til og með 31. desember 2010.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 9. september 2010.

Jón Bjarnason.

Sigurgeir Porseirsson.

B-deild - Útgáfud.: 24. september 2010

Nr. 1069/2010
Gildandi reglugerð

29. desember 2010

**REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 678/2010, um bann við dragnótaveiðum.**

1. gr.

3. tl. 1. gr. orðist svo:

Hrútafjörður – Miðfjörður innan svæðis sem markast af línu sem dregin er þvert yfir utanverðan Hrútafjörð og Miðfjörð eftir $65^{\circ}26' N$. Þrátt fyrir ákvæði 1. ml. er vesturhluti Hrútafjarðar opinn fyrir veiðum með dragnót vestan línu sem dregin er eftir $21^{\circ}08' V$, frá og með 1. júní til 1. mars utan línu sem dregin er eftir $65^{\circ}23' N$ og frá og með 1. nóvember til og með 31. janúar utan línu sem dregin er eftir $65^{\circ}21' 50'' N$ og vestan línu sem dregin er eftir $21^{\circ}08' V$. Miðfjörður er opinn fyrir veiðum með dragnót utan línu sem dregin er eftir $65^{\circ}23' N$ á tímabilinu frá og með 1. júní til 1. mars.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 29. desember 2010.

Jón Bjarnason.

Jóhann Guðmundsson.

B-deild - Útgáfud.: 30. desember 2010

Nr. 798/2011
Felld á brott með reglugerð 843/2011

23. ágúst 2011

**REGLUGERÐ
um bann við dragnótaveiðum í fjörðum Vestfjarða.**

1. gr.

Skipum sem eru lengri en 20 metrar að mestu lengd er óheimilt að stunda dragnóta-veiðar innan línu sem dregin er frá Blakksnesi $65^{\circ}38,410^{\prime}\text{N}$ – $024^{\circ}19,390^{\prime}\text{V}$ um Kópanesvita $65^{\circ}47,684^{\prime}\text{N}$ – $024^{\circ}06,597^{\prime}\text{V}$ í Fjallaskagavita $66^{\circ}00,498^{\prime}\text{N}$ – $023^{\circ}48,696^{\prime}\text{V}$ og frá Barða $66^{\circ}04,184^{\prime}\text{N}$ – $023^{\circ}46,694^{\prime}\text{V}$ í Sauðanesvita $66^{\circ}07,078^{\prime}\text{N}$ – $023^{\circ}39,409^{\prime}\text{V}$.

2. gr.

Frá og með 1. september 2011 eru allar dragnótaveiðar bannaðar á eftirfarandi svæðum:

1. Hesteyarfjörður innan línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta: $66^{\circ}18,817^{\prime}\text{N}$ – $022^{\circ}53,633^{\prime}\text{V}$ og $66^{\circ}18,618^{\prime}\text{N}$ – $022^{\circ}50,126^{\prime}\text{V}$. Prátt fyrir ákvæði 1. ml. eru skipum sem eru styttri en 20 metrar að mestu lengd heimilar veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta: $66^{\circ}20,694^{\prime}\text{N}$ – $022^{\circ}50,540^{\prime}\text{V}$ og $66^{\circ}20,522^{\prime}\text{N}$ – $022^{\circ}49,550^{\prime}\text{V}$ frá og með 1. september til 1. apríl.
2. Veiðileysufjörður innan línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta: $66^{\circ}19,065^{\prime}\text{N}$ – $022^{\circ}45,642^{\prime}\text{V}$ og $66^{\circ}17,947^{\prime}\text{N}$ – $022^{\circ}42,608^{\prime}\text{V}$.
3. Jökulfirðir innan línu sem dregin er úr Kvíum $66^{\circ}17,160^{\prime}\text{N}$ – $022^{\circ}37,004^{\prime}\text{V}$ yfir í Höfðabót $66^{\circ}14,691^{\prime}\text{N}$ – $022^{\circ}36,994^{\prime}\text{V}$.
4. Ísafjarðardjúp innan línu sem dregin er úr Æðey $66^{\circ}05,425^{\prime}\text{N}$ – $022^{\circ}39,550^{\prime}\text{V}$ í Ögurhólma $66^{\circ}03,358^{\prime}\text{N}$ – $022^{\circ}40,590^{\prime}\text{V}$. Prátt fyrir ákvæði 1. ml. eru skipum sem eru styttri en 20 metrar að mestu lengd heimilar veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi punkta: $65^{\circ}58,372^{\prime}\text{N}$ – $022^{\circ}30,384^{\prime}\text{V}$ og $65^{\circ}59,030^{\prime}\text{N}$ – $022^{\circ}23,876^{\prime}\text{V}$ frá og með 1. september til 1. apríl.
